SATB

# Fimm kveðjulög

## TIL SÖNGS VIÐ ÚTFARIR OG MINNINGARSTUNDIR



Lög eftir Braga Þór Valsson

Ljóð eftir Kristján Hreinsson

SATB

# Kveðjuorð

Lag: Bragi Þór Valsson
Ljóð: Kristján Hreinsson




Copyright 2018 BÞV & KH




KVEÐJUORÐ

*Nú kæran ástvin kveðjum við,*
*í kyrrð er hafin ganga.*
*Það er sem sál þín finni frið*
*og fari vegi langa.*

*Í ljósið hverfur líf sem var*
*er lýkur ævidegi.*
*Svo vakna margar minningar*
*í mynd af förnum vegi.*

*Þótt augun ljómi aldrei meir,*
*þín ást er veganesti*
*og alltaf þegar einhver deyr*
*er einsog hjartað bresti.*

*Við lítum yfir liðin ár*
*í ljósi heimsins gjafa*
*og þá er einsog tímans tár*
*sinn tilgang muni hafa.*

Kristján Hreinsson

SATB

# Kveðjuspor

Lag: Bragi Þór Valsson
Ljóð: Kristján Hreinsson




Copyright 2018 BÞV & KH




Copyright 2018 BÞV & KH




KVEÐJUSPOR

*Við kveðjum þig og yfir okkur skín*
*hvert augnablik þótt fáir þú að sofna.*
*Er liðinn tími spannar sporin þín*
*þá spáum við í þakklætið sem aldrei nær að dofna.*

*Við sjáum opnast allt sem var*
*og eflaust mun þar leynast svar*
*er fram í huga spretta spurningar*
*um sporin þín sem liggja hér og þar,*
*spor í snjónum, spor í sandi,*
*spor á lífsins engi.*

*Spor á vatni, spor á landi,*
*spor sem vara lengi,*
*öll þau spor sem sagan segir frá.*
*Spor í æsku, spor í elli,*
*spor á moldu, spor á svelli,*
*spor á fjalli, spor á velli,*
*spor sem sagan á.*

*Við kveðjum þig og yfir okkur skín*
*hvert augnablik þótt fáir þú að sofna.*
*Er liðinn tími spannar sporin þín*
*þá spáum við í þakklætið sem aldrei nær að dofna.*

*Spor á vatni, spor á landi,*
*spor sem vara lengi,*
*öll þau spor sem sagan segir frá.*
*Spor í æsku, spor í elli,*
*spor á moldu, spor á svelli,*
*spor á fjalli, spor á velli,*
*spor sem sagan á.*

Kristján Hreinsson

SATB

# Ljós í lífi okkar

Lag: Bragi Þór Valsson

Ljóð: Kristján Hreinsson




©2018 BÞV & KH




LJÓS Í LÍFI OKKAR

*Það er sem fólkið dapurt höfði drúpi*
*er dúfa þinnar sálar flýgur hjá.*
*Þú sýndir okkur veg að draumadjúpi*
*er dásemd þína fengum við að sjá.*

*Þú sáðir fræjum drauma alla daga*
*og dauði þinn kom eflaust alltof fljótt.*
*Hvert fótspor þitt er lífsins ljúfa saga*
*sem lætur daginn vakna eftir nótt.*

*Og sál þín fólk að draumadjúpi lokkar*
*er dafnað fær á leiði lítil jurt*
*því minning þín er ljós í lífi okkar*
*sem lifir þótt þú hafir flogið burt.*

Kristján Hreinsson

SATB

# Minning um mömmu

Lag: Bragi Þór Valsson
Ljóð: Kristján Hreinsson




2018 BÞV & KH

SATB

# Vinarkveðja

Lag: Bragi Þór Valsson

Ljóð: Kristján Hreinsson




©2018 BÞV & KH